
Leikskólinn Óskaland

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Endurskoðuð í janúar 2019

Gildistími til janúar 2022



Efnisyfirlit:

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun.....	3
Launajafnrétti 19. grein	3
Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein	4
Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein	6
Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein.....	7
23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:.....	8
23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:.....	9
23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:.....	10
23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:.....	11
22. gr. jafnréttislaga / kynbundin og kynferðisleg áreitni:	12
Samstarf heimilis og skóla:	13

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér **aðgerðabundnar** jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. jafnréttislaga.

Launajafnrétti 19. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	<p>Við ráðningu starfsmanna skal þess gætt að laun verði greidd eftir kjarasamningi stéttarfélags hvers starfsmanns óháð kyni. Hveragerðisbær greiðir laun samkvæmt kjarasamningi hvers og eins starfsmanns óháð kyni.</p> <p>Tekið skal tillit til verklagsreglna Hveragerðisbæjar við gerð ráðningasamninga og að sömu laun verði greidd fyrir sömu vinnu óháð kyni samkvæmt kjarasamningum hvers stéttarfélags. Gerð verði launagreining meðal starfsmanna.</p>	<p>Leikskólastjóri/launafulltrúi Hveragerðisbæjar</p> <p>Leikskólastjóri/launafulltrúi Hveragerðisbæjar</p>	<p>Í ársbyrjun hvers árs við gerð fjárhagsáætlunar</p> <p>Við gerð ráðningasamninga hverju sinni</p>

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.</p> <p>Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.</p>	<p>Þegar auglýst er í laus störf skal þess gætt að störfin henti körlum jafnt sem konum. Þess skal getið í auglýsingum að öll störf sem auglýst er í standi öllum kynjum til boða, og leitast verði við að jafna kynjahlutfall eins og hægt er.</p> <p>Þess skal getið í auglýsingum að öll störf sem auglýst er í standi öllum kynjum til boða, og leitast verði við að jafna kynjahlutfall</p> <p>Við ráðningar skal gæta jafnréttis og ráðið í lausar stöður eftir hæfni umsækjanda óháð kyni</p> <p>Stefna leikskólans er að jafna kynjahlutfall starfsmannahópsins og skulu karlmenn hvattir til að sækja um laus störf</p>	<p>Leikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri</p>	<p>Árlega</p> <p>Árlega</p> <p>Árlega</p>

<p>Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.</p>	<p>Jafnan skal þess gætt að allir starfsmenn í sambærilegum störfum óháð kyni hljóti sömu fræðslu, og hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun</p>	<p>Leikskólastjóri</p>	<p>Árlega</p>
<p>Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks</p>	<p>Útvega skal fræðsluefni/fyrirlesara um kynjafræði og bjóða upp á fræðslu þess efnis og þess gætt að allir starfsmenn njóti sömu fræðslu óháð kyni og standi til boða að sækja sömu námskeið/endurmenntun.</p>	<p>Leikskólastjóri</p>	<p>Á tímabilinu 2019 – 2020</p>

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	<p>Gæta skal þess að karlmenn jafnt og konur geti sinnt veikindum barna sinna og að allir hafi jafnan rétt til að sinna öðrum skyldum sem kalla.</p> <p>Kynna fyrir verðandi foreldrum réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.</p>	<p>Deildarstjórar</p> <p>Leikskólastjórar</p>	<p>Starfsárin 2019-2022</p> <p>Árlega</p>

Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.</p>	<p>Gæta skal þess að allt starfsfólk sé þess meðvitað um að kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og kynbundin áreitni sé hvergi liðin. Kynna ber öllu fyrir starfsfólki hvað felist í kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi. Kynna ber fyrir öllu starfsfólki vinnureglur og viðbrögð við kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og kynbundnu áreiti sem eru í stafsmannahandbók leikskólans.</p> <p>Könnun er gerð meðal starfsfólks um vitund hvers og eins hvað felist í kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og kynbundnu áreiti og að leita skuli til viðeigandi yfirmanns, lögreglu, félagsþjónustu eða annarra stoðþjónustu komi upp slík mál.</p> <p>Starfsfólki gert að lesa og kynna sér bækling Vinnueftirlitsins: Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum. Unnin verður forvarnaráætlun.</p>	<p>Leikskólastjórar/deildarstjórar/ leikskólakennarar/annað starfsfólk</p> <p>Leikskólastjórar/deildarstjórar</p> <p>Leikskólastjórar/deildarstjórar/ leikskólakennarar/annað starfsfólk</p>	<p>Árlega</p> <p>Árlega</p> <p>Starfsárið 2019-2020</p>

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Skólum ber auk þess að uppfylla 23. gr. jafnréttislega (menntun og skólastarf) og 22. gr. sömu laga (kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni).

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál.	Kennslustundir-efni skuli taka mið af jafnrétti í hvívetna. Í lífsleikni með elstu nemendum er sérstaklega unnið með jafnréttisfræðslu samkvæmt aðalnámskrá útg. 2011 Efla ber jafnréttisfræðslu meðal yngri árganga samkvæmt námskrá útg. 2011. Efla ber umræður meðal allra árganga hvað jafnrétti er og hvað felst í því.	Deildarstjórar/leikskólakennarar /annað starfsfólk	Árlega
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Kennsluefni/hættir skulu vera þannig skipulagðir að drengir jafnt og stúlkur fái sömu tækifæri til að kynnast samfélaginu.	Deildastjórar/leikskólakennarar/annað starfsfólk	Árlega

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Yfirfara skal leik- og kennsluefni með tilliti til jafnréttis og skoðað hvernig kynbundnar staðalmyndir birtast í barnabókum og öðru kennsluefni. Kennarar útbúi verkferla hvernig nemendur eru fræddir um ójöfnuð staðalmynda	Leikskólakennarar og annað starfsfólk	Á starfsdögum starfsárið 2019 – 2020

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fáí strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Í leikskólastarfi skal þess gætt að allir nemendur óháð kyni hljóti sömu fræðslu um atvinnulífið og fáí að kynnast atvinnulífinu í Hveragerði og nærsamfélagi með tilliti til jafnréttis	Deildarstjórar/leikskólakennarar	Starfsárið 2019 - 2020

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu	Á sameiginlegum starfsmannafundum skal taka tillit til karla jafnt og kvenna við gerð áætlana og stefnumótunar gæta skal jafnréttis í hvívetna.	Leikskólastjóri	Árlega

22. gr. jafnréttislaga / kynbundin og kynferðisleg áreitni:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	<p>Allt starfsfólk þarf að vera meðvitað um að kynbundin áreitni, kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni verði aldrei liðin. Fræðsla og umræður með nemendum skulu taka mið af aldri og þroska þeirra og því að nemendur viti hvað kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi er og að að verði aldrei liðið.</p> <p>Allt starfsfólk haldi jafnan umræðum um málefnið opinni.</p> <p>Útvega þarf fræðslu-lesefni um málefnið.</p> <p>Starfsfólki gert að kynna sér verkferla og viðbrögð við kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsmannahandbók leikskólans.</p> <p>Deildarstjórar útbúi forvarnaráætlun fyrir hverja deild.</p>	<p>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, leikskólakennarar og annað starfsfólk.</p> <p>Deildarstjórar/leikskólakennarar</p>	<p>Starfsdagar og starfsmannafundir starfsárin 2019 – 2022.</p> <p>Starfsárið 2109-2020</p>

Samstarf heimilis og skóla:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu.</p> <p>Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.</p>	<p>Jafnan skal hafa samband við báða foreldra hvort sem þeir eru í sambúð eður ei, ef tilkynna þarf veikindi og annað slíkt . Báðum foreldrum skal boðið í viðtöl hjá deildarstjórum.</p> <p>Endurskoða þarf verkferla með tilliti til tilkynninga til foreldra.</p>	<p>Deildarstjórar</p> <p>Leikskólastjórar</p>	<p>Árlega</p> <p>Ágúst 2019</p>